

JÓHANN G. JÓHANNSSON

Það er málið!

Hugleiðingar á degi íslenskrar tungu, haustið 2005

Erindi á málrættarþingi Íslenskrar málnefndar og MS undir merkjum dags íslenskrar tungu 2005. Efnið var íslensk málstefna og starfsemi Íslenskrar málnefndar. Auk Jóhanns fluttu þar erindi Guðrún Kvaran, Kolbrún Friðriksdóttir, Kristín Ingólfssdóttir og Örnólfur Thorsson. –Ritstj.

Einu sinni var prinsessa. Þegar hana fór að langa til að eignast mann auglýsti hún eftir biðlum. Í auglýsingunni var hæfniskrafan aðeins ein: Hinn útvaldi átti að vera vel máli farinn. Prinsessan hét því að giftast þeim sem best kæmi fyrir sig orði og framhaldið þekkjum við flest úr ævintýrinu um Hans klaufa.

Ekki er ég viss um að „bachelorar“ nútímans setji tungulipurð á oddinn þegar að makavali kemur. Í það minnsta eru málverndar- og málrættarsjónarmið víðs fjarri í litlum pistli sem birtist í Morgunblaðinu í haust og var ein allsherjar-lofgjörð um „Íslenska bachelorinn“. Pistillinn byrjar svona með góðfúslegu leyfi höfundar:

„Mér finnst Íslenski bachelorinn á Skjá einum geðveikt skemmtilegur. Bachelorinn er ýkt kúl gæi og píurnar ógisla sætar, sumar eiginlega bara sexí. Ég þori alveg að segja það þó ég eigi væf og kiddy og allt. Hósti er líka næs og settið klikkað. Truflað að skjóta þetta í kántrínu. Hver fékk eiginlega þessa ædíu? Pródúsentinn hlýtur líka að vera alveg brjálæðislega pró. Þetta er allt svo ríl, maður. Ekkert feik.“

Höfundurinn reyndist vera blaðamaður Morgunblaðsins, Orri Páll Ormarsson, sem alla jafna skrifar um menningarmál á ágætri íslensku. Hér brá hann á leik í gervi uppnumins sjónvarpsáhorfanda og skrifaði á því máli sem honum þótti best hæfa efninu.

Málrækt og málvernd eru aðalviðfangsefni Íslenskrar málnefndar. Nefndin hefur starfað í rúm 40 ár, fyrst sem fámenn nefnd en síðustu 15 ár eða svo hafa skipað hana 15 manns, þar af 5 í stjórn og 10 utan stjórnar og meðal þeirra sá sem hér stendur. Hlutverk Íslenskrar málnefndar er í stuttu máli að vinna að eflingu og varðveislu íslenskrar tungu, vera stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál og veita stofnunum og einstaklingum leiðbeiningar um málfarsleg efni.

Starf Íslenskrar málnefndar hvílir fyrst og fremst á stjórn nefndarinnar svo og á Íslenskri málstöð sem er skrifstofa málnefndarinnar og miðstöð þeirrar starfsemi sem hún hefur með höndum. Íslensk málstöð hefur nú starfað í um 20 ár. Hún annast daglega málfarsráðgjöf í síma og með tölvupósti, vinnur að útgáfu hagnýtra orðasafna og annarra bóka og rita um íslenskt mál og síðast en ekki síst vinnur hún að undirbúningi nýrrar stafsetningarorðabókar með ritreglum sem verið hefur meðal forgangsverkefna Íslenskrar

málnefndar undanfarin 3-4 ár og koma mun út á næsta ári. Loks rekur Íslensk málstöð orðabanka og málfarsbanka sem aðgengilegir eru á Netinu. Í orðabankann er safnað nýyrðum og íðorðum, enda á málstöðin gott samstarf við orðanefndir sem starfa innan ýmissa fagfélaga, en í málfarsbankanum er að finna leiðbeiningar um beygingu orða, orðasambönd, ritreglur og fleira. Báðir eru þessir bankar í örur vexti auk þess sem aðsókn í þá eykst með hverju ári. Þannig er forvitnilegt að sjá í ársskýrslu Íslenskrar málstöðvar fyrir síðasta ár að „heimsóknir“ eða innlit í orðabankann voru að jafnaði 377 á dag allan ársins hring og að flett var upp á að meðaltali um 2000 orðum daglega allt árið. Þá má sjá að starfsfólk málstöðvarinnar veitti svör við 2800 fyrirspurnum á síðasta ári. Auk alls þessa sinnir stjórn Íslenskrar málnefndar og Íslensk málstöð ýmsum erindum, svo sem greinargerðum og álitargerðum, kynningarstarfi og samstarfi við erlendar málnefndir. Ég fæ ekki betur séð en að vel hafi verið unnið í málstöðinni og stjórn málnefndarinnar undanfarin ár og skal það hér þakkað.

En lítum nú fram á veginn. Í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar fyrir árin 2002-2005 er að finna ýmislegt sem stuðla kann að eflingu og varðveislu tungunnar. Af þeim atriðum langar mig til að nefna eitt sem ég tel brýnt að gefinn sé meiri gaumur að á næstunni, en það er máluppeldi og móðurmálskennsla. Ég er ekki í vafa um að þegar til lengri tíma er litið er fátt farsælla til eflingar og varðveislu tungunnar en að hlúa að og auka málþroska barna og unglunga, glæða hjá þeim áhuga og ást á móðurmálinu og örva þau til þess að beita því af hugkvæmni og vandvirkni, hvort sem umræðuefnið er fótboltaleikur, fatatíska, fjármál eða fagurbókmenntir. Við þurfum að hjálpa börnunum okkar að skilja hvaða ávinning þau hafa af því að ná góðu valdi á málinu. Íslenskan þarf að komast í tísku. Ungu fólk þarf að finnast eftirsóknarvert að geta komið vel fyrir sig orði og tjáð hugsun sína á skýru og skemmtilegu máli. Ekki aðeins bætir það sjálfsmynd og sjálfsöryggi einstaklingsins, heldur auðveldar það honum annað nám og starf, og því betri skil sem hann kann á orðum, orðasamböndum og stíl þeim mun betur nýtur hann lestrar góðra bóka og þarf sennilega síður að grípa til erlendra orða og orðalags í ræðu og riti.

Getur Íslensk málnefnd lagt eitthvað af mörkum til að koma af stað svona vitundarvakningu eins og hér er lýst? Er þetta kannski bara verksvið fræðslufirvalda eða foreldra? Nú ætla ég að leyfa mér að tala sem faðir tveggja grunnskólabarna í 7. og 8. bekk. Ég hef fylgst allvel með íslenskunámi þeirra og jafnan undrast hve lítið er lagt upp úr bóklestri, ljóðalestri, orðaforða, málnotkun, framsögn og ritun. Allt of sjaldan sé ég börnin mín svolgra í sig góðar sögur eða skemmtilegar greinar sem hluta af náminu. Þau lesa heilmikið í samfélagsfræði og náttúrufræði og taka próf í þeim greinum með jöfnu millibili en um bókmenntirnar gegnir öðru máli. Um tilsögn eða þjálfun í ritun er varla að ræða og það virðist algerlega undir áhuga kennarans komið hvort börnin fái nokkurn tímann að hleypa hugarum á flug í stuttum sögum eða skrifa frásagnir og endursagnir þar sem reynir á að skerpa hugsunina og orða vel það sem segja þarf. Ljóð hafa börnin mín varla þurft að lesa svo heitið geti, hvað þá læra, síðan í Ísaksskóla. Hvatningu til að lesa góðar bækur í tómsundum fá börnin enga í skólanum sínum og vissulega er það önnur afþreying heldur en bóklestur sem togar mest í nútímaunglinginn, nefnilega kvikmyndir og tónlist þar sem enska er undantekningarlítið ráðandi tungumál. Svo er það tölvun og Internetið með sínum óendanlegu möguleikum og upplýsingum sem reyndar eru æði oft á ensku. Þegar unglundurinn sest við tölvuna er það oftast en ekki til þess að skiptast á orðum við jafnaldrana og þá er ekki víst að alltaf sé vel hugað að málfari og réttitun.

Hinar svonefndu „bloggsíður“ leiða kannski frekar til aukins málþroska því þar geta börn og fullorðnir veitt ritþörf sinni útrás í dagbókarfærslum og þankabrotum. Nafnorðið „blogg“ og sögnina að „blogga“ er ég þó ekki enn búinn að taka í sátt. Kennarar barna minna hafa aldrei vakið athygli þeirra á því hvernig tungumálið okkar er að breytast, t.d. hvað varðar framburð og orðalag. Því benda þeir ekki nemendum á að hafa eyrun opin og hlusta eftir þeim tilhneigingum sem svo áberandi eru í málinu? Kannast nemendurnir t.d. við „kartöfluflygurnar“, „sumuleiðis“, „niðurstuðurnar“ og „fyrir hund Flugfélags Íslands ...“. Því segir fólk: „Ég finn ekki *skónna* mína“ og „Þegar ég fór með *Þránni* yfir *brúnna* rak ég *tánna* í *kúnna* svo hún steyptist í *ánna*“? Notum við íslensk eða amerísk *x*-hljóð þegar við segjum: „Boxarinn í laxableiku buxunum vill sex kekkökur strax!“? Hve oft á dag heyrum við: „Ég er ekki alveg að skilja þetta“ eða „Við erum bara ekki að standa okkur“ eða jafnvel „Við höfum verið að hafa áhrif“? Hvers vegna þarf fólk að draga athyglina að sjálfu sér og segja t.d.: „*Við erum að sjá* talsverðar breytingar á íslenskunni“ þegar merkingin er auðvitað: „Íslenskan hefur breyst talsvert“? Og af hverju er orðið svona vinsælt að leggja áherslu á forsetningar? „Nú verður útvarpað veðurfregnum frá Veðurstofu Íslands.“ „Þátturinn var áður á dagskrá á mánudaginn var.“ „*Við erum að tala um* breytingar í framburði, í orðalagi, í áherslum...“ Nei, umræða um framburð eða athyglisverðar málfarsbreytingar hefur enn ekki náð inn í kennslustofur til barnanna minna. Hygg ég þó að einmitt með því að opna augu og eyru ungmenna fyrir slíku megi vekja þau til vitundar um að okkar litla þjóð á lifandi tungumál sem þarf að rækta og vernda.

Víkjum þá aftur að hlutverki og skyldum skólans. Ég á þá von, ef þessi hugmynd mín um einhvers konar vitundarvakningu fær hljómgrunn í Íslenskri málnefnd, að takast megi t.d. með bréfaskriftum að koma af stað umræðum um máluppeldi og vekja kennara og skólayfirvöld til umhugsunar um markmið og leiðir í móturmálskenndu. Hvaða kröfur megum við foreldrar gera til kennaranna og námsefnisins? Hvað finnst okkur þegar kennara, sem á við réttitunarvanda að stríða, er falið að kenna barninu okkar íslensku ár eftir ár? Get ég treyst þeim skólayfirvöldum fyrir uppfræðslu barna minna sem dreifa til nemendanna kynningar- og upplýsingabæklingi um skólann með illa sömdum texta þar sem úir og grúir af mál- og ritvillum? Hvaða skilaboð fá unglingar og foreldrar þegar skólastjórnendur skeyta ekki um að hafa tölvubréfin til þeirra sæmilega villulaus? Við viljum að skólinn geri kröfur til barnanna okkar, kröfur um vandvirkni og kunnáttu, en við hljótum líka að mega gera sömu kröfur til skólans.

Mér er vissulega ljóst að máluppeldi barnanna hvílir ekki bara á herðum kennaranna. Ábyrgð foreldranna er auðvitað mikil og einnig fjölmiðlanna. Litla dóttir mín, sem heldur upp á fimm ára afmæli sitt í dag, horfir oft á Stundina okkar í sjónvarpinu. Frá því að hún man eftir sér hefur sama fólkið séð um þáttinn. Ég velti því oft fyrir mér, þegar ég sé barnið mitt drekka í sig hvert orð sem af vörum þeirra hrýtur, hvort þau tvö og framleiðendur þáttarins geri sér nokkra grein fyrir því hve ábyrgð þeirra er gríðarleg og hvílíkt tækifæri þau hafa, viku eftir viku, ár eftir ár, til þess að móta, þroska og gleðja ungar sálir sem fyrirmyndir, kennarar og gleðigjafar. Það er stundum rætt um að auka þurfi framleiðslu á innlendu sjónvarpsefni fyrir börn. Kannski væri bara betra að bæta það.

Að lokum langar mig til þess að impra á hugmynd sem ef til vill gæti orðið til þess að glæða áhuga ungmenna á íslensku máli. Mér hefur dottið í hug hvort Íslensk málnefnd gæti í samvinnu við skólayfirvöld hugað að því hvort efna mætti til

spurningaleiks í stíl hinnar vinsælu Spurningakeppni framhaldsskólanna, þar sem t.d. lið úr 9. bekkjum grunnskólans spreyttu sig á alls kyns þrautum og verkefnum um málfarsleg efni; orðum og orðtökum, orðaleikjum og krossgátum, rímþrautum og réttritun. Ef vel væri að þessu staðið og vel tækist til hygg ég að margir myndu sjá tunguna í nýju og skemmtilegu ljósi.

Ég hef þá trú að íslenskri tungu væri vel borgið ef tækist að vekja æskufólkið til vitundar um gildi þess að hafa góð tæk á tungumálinu. Gott mál er gott mál! Það vissi prinsessan hans Hans Kristjáns Andersens, og líka klaufinn hans Hans, Hans. Þess vegna og bara þess vegna varð hann kóngur í ríki sínu.